


# Stona verður rafmagn til



**Verkefni:** Hvar var fyrsta rafveita á Íslandi, hvenær var hún byggð, hver byggði hana og hvernig seldi hann rafmagnið? (sjá [www.rafmagn100.is](http://www.rafmagn100.is))

Það þarf orku til að lyfta hlut og sé hann látinn falla skilar orkan sér til baka.

Vatn upp til fjalla býr yfir stöðuorku sem breytist í hreyfiorku renni það til sjávar.

Í vatnsorkuveri er hreyfiorkan beisluð með því að láta vatnið snúa hverfilhjóli. Við það snýst segulmagnað hjól í rafalanum.

Utan með segulhjólinu eru koparvafningar og við hreyfingu segulsins fer rafstraumur að renna um vafningana.

Rafstraumurinn er síðan leiddur um háspennulínur út í raforkukerfið.